

Ár 2010, föstudaginn 23. apríl kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Unnur Þormóðsdóttir og Herdís Þórðardóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 30. mars 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir afstöðu Hveragerðisbæjar til tillögu Sigurðar H. Helgasonar um skipulag málefna fatlaðra á starfssvæði SASS.

Bæjarráð lýsir yfir þeirri eindregnu skoðun sinni að þjónustusvæði vegna yfirfærslu málefna fatlaðra verði best fyrirkomid með því að Árnassýsla myndi eitt þjónustusvæði enda sé slíkt í góðu samræmi við framtíðaráherslur og það góða samstarf sem þegar er í gangi innan sýslunnar. Þrátt fyrir þessa afstöðu gerir bæjarráð sér grein fyrir mikilvægi samstöðu sveitarfélaga á svæðinu og felur bæjarstjóra að koma á framfæri þessari skoðun bæjarráðs en jafnframt að Hvergerðingar munu ekki kljúfa sig frá þeirri ákvörðun sem meirihluti sveitarfélaga á svæðinu mun koma sér saman um.

1.2. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 8. apríl 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir tilnefningu fulltrúa í starfshóp um mat á sameiningarkostum sveitarfélaga.

Bæjarráð samþykkir að Aldís Hafsteinsdóttir verði fulltrúi Hveragerðisbæjar í starfshópnum.

1.3. **Jóhönnu Þ. Magnúsdóttur ódagsett.**

Í bréfinu er óskað eftir niðurfellingu á hundaleyfisgjöldum vegna hunds hennar sem er björgunarhundur.

Bæjarráð samþykkir að hundar sem skráðir eru á útkallslista hundasveitar björgunarsveitanna séu undanþegnir árlegu hundaleyfisgjaldi. Staðfesting á áframhaldandi veru hunda á útkallslistanum þarf að berast bæjarráði fyrir 1. janúar ár hvert til að niðurfelling geti átt sér stað.

1.4. **Sigurði B. Jónssyni frá 15. apríl 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir uppýsingum um hvernig staðið er að ráðningum við Grunnskólann í Hveragerði.

Bæjarráð bendir á að samkvæmt 62. gr. í samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar ráða forstöðumenn stofnana fasta starfsmenn bæjarins í umboði bæjarráðs. Í ljósi þessa felur bæjarráð skólustjóra Grunnskólans að svara bréfitara en skólustjóri mun jafnframt fara yfir ferli ráðningarmála á fundi fræðslunefndar í næstu viku.

2. Fjárhagsleg verkefni:

2.1. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram umsókn um námsvist í Flóaskóla fyrir barn með lögheimili í Hveragerði.

Þar sem umsóknin fellur ekki undir reglur bæjarins um námsvist utan lögheimilissveitarfélags hafnar bæjarráð erindinu.

3. Verkfundargerðir:

3.1. Gatnagerð í Hveragerði 2009 frá 8. apríl 2010.

Fundargerðin samþykkt.

4. Fundargerðir til kynningar:

4.1. Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 12. apríl 2010.

4.2. Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 8. apríl 2010.

4.3. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands frá 26. mars 2010.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:30

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Herdís Þórðardóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)